

Nú telur saksóknari eigi þörf frekari rannsókna, og tekur hann þá ákvörðun um, hvort mál skuli höfða gegn þrotamanni eða öðrum.

Ef hann telur það, sem fram er komið, nægjanlegt eða líklegt til sakfellingar, semur hann ákæruskjal, sbr. 115. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961. Annars kostar lætur hann við svo búið standa.

2. Mál skal rekið fyrir sakadómi þeim, sem lögsögu á í umdæmi, þar sem skipti fara fram. Saksóknara er þó heimilt að stefna máli til annars sakadóms, ef haggfelldara þykir, enda mæli eigi neitt sérstakt því í gegn.

3. Sakadómur sá, sem með málið fer, kveður á um stað og stund til þingfestingar máls, ritar þá ákvörðun sína á ákæruskjalið og lætur birta það með venjulegum hætti eða fyrir dómi.

Um leið og ákæruskjal er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda og þá hvern, ef því er að skipta.

4. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála að því leyti, sem við getur átt, þar á meðal um kostnað af málinu.

4. gr.

Síðari málsliður 32. gr. falli brott.

5. gr.

Orðin „en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema lögmætur skiptafundur samþykki, að skipti dragist lengur“ í 36. gr. falli brott.

6. gr.

Síðari málsgrein 39. gr. falli brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal þeim beitt við þau bú, sem tekin eru til skipta eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi, 92. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. maí 1972.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.